

um ríkisábyrgðir.

(Eftir 3. umr. í Ed., 10. marz.)

1. gr.

Ríkissjóður má aldrei takast á hendur ábyrgðarskuldbindingar, nema heimild sé veitt til þess í lögum.

2. gr.

Ríkissjóður má ekki ganga í sjálfskuldarábyrgð, nema slikt sé sérstaklega ákveðið í lögum þeim, sem ábyrgð heimila.

3. gr.

Ekki má ríkissjóður takast á hendur ábyrgð fyrir aðila, sem er í vanskilum með ríkisábyrgðarlán eða skuldar ábyrgðargreiðslur, er ríkissjóður hefur innt af hendi, nema um slikar greiðslur hafi verið samið.

Ríkissjóður má ekki ganga í ábyrgð, nema sett sé trygging, sem fjármálaráðherra metur gilda.

4. gr.

Hver sá, er ríkissjóður gengur í einfalda ábyrgð fyrir, skal greiða honum áhættugjald um leið og ábyrgð er tekin, 1% af ábyrgðarupphæð.

Taki ríkissjóður á sig sjálfskuldarábyrgð, sbr. 2. gr., skal greiða 1½% af ábyrgðarupphæð, um leið og ábyrgð er veitt.

5. gr.

Nú fellur ábyrgðargreiðsla á ríkissjóð, og er þá fjármálaráðuneytinu heimilt að halda eftir greiðslum, er aðili kann að eiga að fá frá ríkissjóði, eftir því sem með þarf, til greiðslu skuldarinnar, þótt almennar reglur um skuldajöfnuð séu eigi fyrir hendi.

6. gr.

Ekki má undan fella að ganga að tryggingu fyrir ábyrgðarláni, ef greiðsla fellur á ríkissjóð, nema sérstök heimild fjárveitinganefndar Alþingis komi til.

7. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að fela einhverjum ríkisbankanna að vera fjármálaráðuneytinu til aðstoðar við afgreiðslu ríkisábyrgða, eftir því sem fjármálaráðherra kveður nánar á um. Skal sá banki kynna sér rækilega fjárhag þeirra, er leita eftir ábyrgð, og að því búnu gera tillögur til ráðuneytisins um, hversu snúast beri við beiðni umsækjanda. Þá skal og bankinn fylgjast með rekstri þeirra aðila, er ríkissjóður hefur gengið í ábyrgð fyrir, og eru þeir skyldir að láta bankanum í té ársreikninga og hverjar þær skýrslur og gögn, er bankinn telur nauðsynleg, til þess að hann geti rækt þetta eftirlit. Ef einhver tregðast við að láta umbeðnar upplýsingar í té, má fjármálaráðherra beita dagsektum, allt að 500 kr. fyrir hvern dag, unz gögnin eru í té latin. Dagsektir þessar skal ákveða með ábyrgðarbréfi, og má innheimta þær með aðförl.

8. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara. Má í þeirri reglugerð m. a. ákvæða, að ábyrgð ríkissjóðs megi ekki fara fram úr tilteknunum hundraðshluta miðað við matsverð framkvæmdar, nema lög mæli fyrir á annan hátt.

9. gr.

Þegar lög þessi öðlast gildi, skal fjárveitinganefnd Alþingis gera tillögur til fjármálaráðherra um, hversu innheimta skuli eða seinja um skuldir vegna ábyrgða, sem á ríkissjóð hafa fallið. Er ráðherra heimilt að gefa eftir einstakar skuldir að nokkrum eða öllu leyti, ef fjárveitinganefnd mælir einróma með eftirgjöf.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Par til ný lagaákvæði hafa verið sett um skiptingu kostnaðar við hafnargerðir milli ríkis og sveitarfélaga, skal heimilt, þrátt fyrir ákvæði 3. gr., að veita ríkisábyrgð vegna lána til hafnargerða eftir reglum, sem farið hefur verið eftir hingað til.